
From: Gunnar Magnússon <gunnar.magnusson@ruv.is>
Sent: 18. júní 2013 15:22
To: Nefndasvið umsagnir
Subject: V/þingskjals 11 um Ríkisútvarpið leiðrétt og sent aftur.

Umsögn vegna frumvarps um breytingar á lögum um Ríkisútvarpið þingskjal 11 sent 18. júní 2013 á nefndasvid@althingi.is

Stjórn Starfsmannasamtaka Ríkisútvarpsins (RÚV) harmar að fulltrúi Starfsmannasamtakanna verði ekki í stjórn Ríkisútvarpsins, samkvæmt tillögu um breytingar á lögum um Ríkisútvarpið (þingskjal 11). Með setningu laga nr. 23/2013 um stjórn Ríkisútvarpsins og skipan hennar, var það talið til bóta að fulltrúi starfsmanna fengi sæti í stjórn, til að fylgjast með og hafa áhrif á ákvarðanir sem snerta starfsmenn fyrirtækisins. Með þeirri tillögu sem nú liggur fyrir er ljóst að þessum endurbótum verður snúið við. Það harmar stjórn Starfsmannasamtakanna og bendir ennfremur á að nú þegar er búið að kjósa fulltrúa starfsmanna í stjórn Ríkisútvarpsins, samkvæmt gildandi lögum.

F.h. stjórnar Starfsmannasamtaka Ríkisútvarpsins,
Gunnar Magnússon (gunnarm@ruv.is)